

Skólanámskrá

2023 – 2024



II. hluti

Nám og kennsla

Umsjónarkennarar
Ríkharrð Bjarni Snorrason
Dagný Gréta Hermannsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Samþætting námsgreina	3
Útinám	3
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	4
Námsmat	4
Íslenska	5
Stærðfræði	6
Samfélagsgreinar	7
Náttúrufræði	8
Enska.....	9
Tónmennt	9
Heimilisfræði	10
Hönnun og smíði	11
Myndlist.....	11
Textílmennt	12
Skólaíþróttir	13
Upplýsinga- og tæknimennt	14
Fjölval	14

Bakgrunnsupplýsingar

Í 6. bekk eru 36 nemendur, 16 drengir og 20 stúlkur. Alls fá nemendur 35 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Ríkhart Bjarni Snorrason og Dagný Gréta Hermannsdóttir. Stuðningsfulltrúar Rósa Sveinsdóttir og Aníta Ósk B. Kristjánsdóttir. Guðrún Teitsdóttir sér um sérkennslu.

Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Jón Ásgeir Þorvaldson.
- Sund – Hjördís Ólafsdóttir
- Heimilisfræði - Halldóra Ólöf Sigurðardóttir
- Textíl - Silja Konráðsdóttir
- Smíði - Sigurbergur Bjarnason
- Myndlist - Helga Lára Haraldsdóttir
- Tónmennt – Aldís Kjærnested Eiríksdóttir
- Enska – Hildur Ósk Indriðadóttir
- Stærðfræði - Matthildur Bergþórsdóttir
- Íslenska – Guðrún Teitsdóttir
- Upplýsingamennt – Ríkhart Bjarni Snorrason og Dagný Gréta Hermannsdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	7 tímar
Stærðfræði	7 tímar
Samfélags- og náttúrugreinar	3 tímar
Enska	3 tímar
Fjölval	2 tímar
Upplýsinga og tæknimennt	1 tími
Útikennsla	2 tímar
Smíðjur	4 tímar
Sund	1 tími
Íþróttir	2 tímar
Tónmennt	1 tími
Lífsleikni/bekkjarfundur	2 tímar
Heimanám	1 tími
Samtals: 35 tímar á viku	

Sambætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast saman á margvíslegan hátt. Þar sem kennt er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna má oft sambætta námsgreinar með góðu móti. Þannig fæst greinarbetri mynd af stöðu nemenda, þar sem þeir geta sýnt fram á viðtæka þekkingu sína.

Útinám

Við leggjum áherslu á að tengja nemendur við sitt nánasta umhverfi og nýtum umhverfi skólans og útikennslusvæðið Narfakotsseylu í nám og kennslu. Útinám er sambætt nám sem getur tengst öllum námsgreinum.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 6. bekkjar eru heilsufar og sjúkdómar, ég og sjálfsmýndin, ofbeldi og birtingarmynd ofbeldis, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Ekki er gefin einkunn fyrir verkefni heldu aðeins Lokið og Ólokið. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
- **Í vinnslu** ef nemandi hefur hafið ákveðið hæfniviðmið en ekki er hægt að meta það strax.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tókum á því.
- **Þarfnast þjálfunar** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiði til þess að ná því.
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.



Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og náð tökum á þeim.	Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilnings texta.	Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.	Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnni hátt.	Tekið þátt í samræðum og rökraedum samkvæmt reglum.	Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.	Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
Skriðað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.	Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.	Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.	Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.
Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðir börnum og unglungum.	Átt góð samskipti, hlustað og gætt tungu sinnar og sýnt víðeigandi kurteisi.	Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.	Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.	Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.	Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfraeði, m.a. við ritun og stafsetningu.	Beitt þekkingu sinni á málfraeðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
Notað orðtök og máshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.	Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.	Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnagrunnum um mál.	Beitt þekkingu sinni á málfraeði við búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.	Áttað sig á því hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjaleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.	Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfraeðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.	

Hæfniviðmið eru tekin úr Aðalnámskrá Grunnskólanna. Við hvetjum foreldra til að fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir. Græn viðmið eru metin oftast en einu sinni, s.s. þau eru aftur metin í 7. bekk. Það er því ekki endilega verið að leita eftir max hæfni við fyrsta mat.

Kennslufni og gögn

Söguskinna, Orðspor 2 (les og vinnubók), Benjamín Dúfa, Fólkið í blokkinni, Málrækt 2 og 3, Fyrsti smellur, Málið í mark og fleiri forrit í ípad ásamt efni frá kennara.

Námsmat

Námsmat samanstendur af reglulegu símati, með verkefnum, framsögn, ritunum í lok hvorrar annar. Við vinnum eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrá Grunnskólanna. Orðarún er lögð fyrir tvisvar á skólaárinu, Aston Index lagður fyrir á haustönn og Lesfimi könnun þrisvar á skólaárinu.

6. bekkur	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
	105 orð á mínútu	155 orð á mínútu	175 orð á mínútu

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.	Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.	Notið hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg fræðileg fyrirbrigði.	Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.
Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innþýn í hvers konar svara má vænta.	Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta, og teikningum.	Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.
Leyst stærðfræðiprautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innþýn, eigin túlkun og framsetningu, byggð á fyrri reynslu og þekkingu.	Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.	Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, töluforritum og skriflegum útreikningum.
Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.	Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.	Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.	Áætlað og mælt horn, þýngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingum.
Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.	Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.	Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.
Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.	Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.	Tengt tölur og útreikninga við flatarmál og þrívíða hluti.	Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.
Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.	Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferð til að reikna það.	Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.	Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.

Hæfniviðmið eru tekin úr Aðalnámskrá Grunnskólanna. Við hvetjum foreldra til að fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir. Græn viðmið eru metin oft en einu sinni, s.s. þau eru aftur metin í 7. bekk. Það er því ekki endilega verið að leita eftir framúrskarandi hæfni við fyrsta mat.

Kennsluefni og gögn

Stika 2a, Stika 2b. Rasmus.is, stærðfræðiforrit í ípad og aukaefni frá kennurum.


Námsmat

Símat með námsmatsverkefni við lok hvers námsþáttar. Við vinnum eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskólanna. Talnalykill er lagður fyrir á haustönn.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Hæfniviðmið eru tekin úr Aðalnámskrá Grunnskólanna. Við hvetjum foreldra til að fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir. Græn viðmið eru metin oftast en einu sinni, s.s. þau eru aftur metin í 7. bekk. Það er því ekki endilega verið að leita eftir framúrskarandi hæfni við fyrsta mat. Gul viðmið eru aðeins metin einu sinni, þ.e. bara í 6. bekk.

Kennslufni og gögn

Norðurlöndin (les og vinnubók) og kortabók. Börn í okkar heimi (Fordómar og þröngsýni, Flóttamenn og farandfólk).

Námsmat

Símat í formi einstaklings- og hópaverkefna. Við vinnum eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskólanna.

Náttúrufræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk

Lýst helstu líffærakerfum mannslikamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.	Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmar virðingar í samskiptum kynjanna.	Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.	Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
---	--	---	---

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.	Lýst veðri í heimabyggð og loftslag á Íslandi.	Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.	Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd.
Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist.	Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veða og meta ólíka kosti.	Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.	Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.
Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.	Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.	Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.	Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna.
Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægarskiptum og því að tíminn líður.	Útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim verða eru skipulögð.	Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísinda uppgötvanir á áhrif þeirra á atvinnuhætti og mann líf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.	Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.
Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.	Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.	Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.	Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.	Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.	Gert grein fyrir eigin líffsýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði í eigin líkama.	Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.
Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.	Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð.	Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar.
Lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi.	Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og mangert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.	Rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs.	Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.

Hæfniviðmið eru tekin úr Aðalnámskrá Grunnskólanna. Við hvetjum foreldra til að fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir. Græn viðmið eru metin oftast en einu sinni, s.s. þau eru aftur metin í 7. bekk. Það er því ekki endilega verið að leita eftir framúrskarandi hæfni við fyrsta mat. Gul viðmið eru aðeins metin einu sinni, þ.e. bara í 6. bekk.

Kennslufni og gögn

Maðurinn-hugur og heilsa (les- og vinnubók) og Auðvitað-jörð í alheimi, Kvistir.is og Litla fólkið og stóru draumarnir og efni frá kennara.

Námsmat

Símat í formi einstaklings- og hópaverkefna. Við vinnum eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskólanna.

Enska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk

Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greitt frá því helsta.	Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.	Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðslufni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.
Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.	Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	Samið stuttan texta frá eigin brósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.	Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.	Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.	Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.	Beitt sjálfmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
---	--	---	--

Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 eru hæfniviðmið fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Við lok grunnskóla eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni sem samsvarar 3. stigi. Hæfniviðmiðin skiptast í sjö þætti; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni.

Kennslufni og gögn

Yes we can 6 lesbók og vinnubók, kvikmyndir: Matthilda og þættir og efni frá kennara.

Námsmat

Símat allt árið þar sem nemendur vinna að verkefnum, bæði einstaklings og hópa verkefni. Lagt verður áhersla á fjölbreytt verkefni sem tengjast hæfniviðmiðunum.

Tónmennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 5. bekk

Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hjóð- eða tónverk.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tekið þátt í samspilli eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur.	Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sánngirni.	Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
Greint og valið hjóðfæri og hjóðblae við hæfi í tónsköpun og hlustun.	Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.	

Tónmennt er mikilvægur þáttur í lífi nemenda. Hún er leið til sköpunar, tjáskipta og oft án orða. Tónlistarkennsla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar s.s. tónhæð, tónlengd,

blæ og styrk svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá að kynnast mismunandi hljóðfærum og fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lífandi nálgun. Þau fá tækifæri til þess að láta ljós sitt skína, tjá tilfinningar og hafa gaman.

Hæfniviðmið eru tekin úr Aðalnámskrá Grunnskólanna. Við hvetjum foreldra til að fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir. Græn viðmið eru metin oftast en einu sinni, s.s. þau eru aftur í öðrum bekkjum. Það er því ekki endilega verið að leita eftir hámarks hæfni við fyrsta mat í 5. bekk.

Kennslufni og gögn

Ýmsar bækur og gögn frá kennara

Námsmat

Símat á virkni, framförum, samvinnu og skilningi nemenda á viðfangsefni kennslustunda.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk

Skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.

Gert grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.

Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefni sem best.

Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.

Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.

Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúshöld.

Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með verkefnum sem hafa tengsl við ofangreind hæfniviðmið en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk. Nemendur fá innsýn inn í heimilishald, aukna þekkingu á umhverfisvernd og sjálfbæra lífshætti.

Kennslufni og gögn

Gott og gagnlegt 2 les- og vinnubók ásamt efni af vef og bókum frá kennara. Áhöld úr kennslueldhúsi og hráefni.


Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Námsmat er á formi símats á einstaklings- og hópverkefnum í tímum.


Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Kennsluefni og gögn

Gögn og áhöld frá kennara.


Námsmat

Mat á hæfniviðmiðum út frá verkefnum og vinnu í tíma.


Myndlist

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Í myndmennt læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflið. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunarafslins

Kennsluefni og gögn


Ýmis áhöld og efni myndmenntarstofunnar. Ljósrit af verkefnum sem henta myndmenntarkennslu. Skjávarpi, bækur og ljósrit.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Textílmennt

Hæfniviðmið



Textílmennt þjálfar nemendur í fínhyringum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tækni hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Kennsluefni og gögn

Bækur og gögn frá kennara.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur sýna öðrum virðingu og góða framkomu í tímum.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.	Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.	Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.
Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreytti, lipurð og samhæfingu.	Synt víðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.	Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.	Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.
Nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtíamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla líðsanda.	Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþróttleikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.	Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífens fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
Rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalmyndir í íþróttumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.	Tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.	Tekið þátt á ábyrgan hátt í útvist með tilliti til aðtæðna og ratað um landsvæði eftir korti.	Tekið þátt í glímu og ýmsum leikjum.
Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengisreglna og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.			

Í aðalnámskrá frá árinu 2013 eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni/kennslugögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með leikfimis- og sundfatnað og handklæði til að fara í sturtu að tíma loknum.


Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Í upplýsinga- og tæknimennt læra nemendur að umgangast þann tæknibúnað sem skólinn býr að og hvernig nota skal tæknina. Nemendur læra að vera stafrænir samfélagsþegnar og læra þannig um þær jákvæðu hliðar hins stafræna heims sem og hætturarnar sem þar geta leynst.

Kennsluefni og gögn

Kennsluefni er tengt hæfniviðmiðum og unnið samkvæmt þeim. Nemendur nýta tölvur í tölvuveri og vinna mest allt gegnum í Microsoft Office og þeim forritum sem fylgja því. Einnig er mikið unnið á netvöfrum s.s. Google og Microsoft edge, svo og mms.is.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna og verkefni í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverfna í tímum.

Fjölval

Umsjónarmenn: Dagný Gréta Hermannsdóttir, Guðrún Teitsdóttir, Hildur María Helgadóttir, Íris Camilla Andrésdóttir, Ólína Laufey Sveinsdóttir og Ríkhart Bjarni Skúlason.

Kennslulýsing: Nemendum á miðstigi er skipt í hópa. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni Aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 7. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og hlustað á aðra. Tjái skoðanir sínar munnlega, skriflega eða á annan hátt.
- sýnt frumkvæði og beitt gagnrýnni hugsun. Verið skapandi við vinnu og lausn verkefna.
- leitað sjálfstæðra lausna í vinnu sinni og sýnt kurteisi í samskiptum. Leggi sitt af mörkum í hópastarfi og fylgt fyrirmælum.
- miðli upplýsingum til annarra og nýti mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinni vel og á gagnrýnninn hátt úr upplýsingum.
- sett sér markmið í námi, meti stöðu sína raunhæft í námi og nýti tíma sinn vel.